

Halldór Laxness

Að vera kjur eða fara burt?

Sýning í tilefni aldarafmælis fyrstu skáldsögu
Halldórs Laxness, Barns náttúrunnar

Sýningarskrá gefin út í tilefni 100 ára

höfundarafmælis Halldórs Laxness.

Sýningin er samstarfsverkefni Landsbóka-
safns Íslands, Gljúfrasteins og Forlagsins.

Vinafélag Gljúfrasteins styrkir verkefnið.

Í sýningarskránni eru greinar eftir fræðimenn og listafólk.

Haukur Ingvarsson skrifar um skáldsöguna *Barn náttúru-*
unnar, Halldór Guðmundsson skrifar um barnið Halldór

Laxness sem var aðeins sextán ára þegar hann skrifaði
söguna. Kristín Marja Baldursdóttir fjallar um myndlist
á Íslandi árið 1919, Árni Heimir Ingólfsson um tónlist þess
tíma og Sjón um kvikmyndir. Auður Jónsdóttir skrifar
um fjölskylduna í Laxnesi og Unnar Örn um bókaútgáfu
í aldarbyrjun.

Sýningarteymi:

Haukur Ingvarsson, Ólafur J. Engilbertsson, Halldóra
Kristinsdóttir, Jökull Sævarsson, Bragi Þorgrímur Ólafsson,
Guðný Dóra Gestsdóttir, Margrét Marteinsdóttir, Sigrún
Ásta Jónsdóttir, Hólmfríður Matthíasdóttir, Valgerður
Benediktsdóttir.

Hönnun sýningar: Ólafur J. Engilbertsson

Hönnun sýningarskrár: Forlagið

Ljósmyndir: Gljúfrasteinn, Þjóðminjasafn Íslands,

Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Prentun: Guðjón Ó 

Útgefendur:

**Gljúfrasteinn, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn
og Forlagið 2019**

ISBN 978-9935-24-548-9



HAUKUR INGVARSSON

Mark 20. aldarinnar á Barni náttúrunnar

Fyrsta útgefna skáldsaga Halldórs Laxness, *Barn náttúrunnar*, hefst á upphrópun: „Maður!“ Það er ungur bóndasonur sem hefur orðið og hann heldur áfram að hrópa: „Aumlegi maður. Þarna liggurðu varnarlau, þarna skríðurðu áfram með því að engjast sundur og saman!“ (s. 5). Bóndasonurinn ungi er ekki í andlegu jafnvægi, hann er í sjúklegri ástarsorg eftir að hafa verið hafnað af Huldu, drambsamri bóndadóttur, sem hafði þó kysst hann mörgum kossum í hvammi aðeins þremur vikum áður. Örvæntingu bóndasonarins er lýst með eftirminnilegum hætti þegar hann traðkar á ánamaðkinum „svo að eftir varð að eins dálítill mórauð, glitrandi leðja“ (s. 5). Frásögnin flæðir áfram, leysingar liggja í lofti og stormur geisar jafnt innra með piltinum og á himninum þar sem „[g]rá eða svört regnský [vaða] til og frá“ (s. 6). Sögumaður bregður upp myndum af bóndasyninum á hlaupum eftir fjallshlíð, illa búnum, í fötum sem standa honum á beini. Hann hirðir ekki um það þótt annar sokkurinn sé runninn niður á hæl og ekki heldur um regnvatnið sem rennur inn á bak hans og brjóst eða hríslurnar sem berja andlit hans. Og áfram heldur flæði en af öðru tagi, því það brestur á með einræðu, sögupersónan lýsir sambandi sínu við Huldu og ólíkum kjörum þeirra. Hún er stórbóndadóttir en hann kotastrákur og þessi munur á stöðu þeirra virðist hafa orðið til þess að hún hafnaði honum: „Og eg sagði henni, að ef hún yrði ekki konan mín, þá dræpi eg mig. En þá hló hún“ (s. 8). Að baki ungæðislegum tilfinningahita bóndasonarins er þungur sláttur,



Í formála 2. útgáfu *Barns náttúrunnar* árið 1964 skrifaði Halldór Laxness að þetta væri sín „besta bók“ vegna þess að hún geymdi „óm bernskunnar“ og hann hélt áfram: „Þetta er kveðja mín til bernskunnar. Ég gekk enn á stuttbuxum annan dntinn meðan ég samdi þessa bók ...“



Barn menningarinnar

„Ég er annar“ eru frægustu ummæli franska ljóðskáldsins Arthurs Rimbauds. Hann lét þau falla í bréfi tæpri hálfri öld áður en *Barn náttúrunnar* kom út. Hann var sextán ára, rétt eins og Halldór Guðjónsson frá Laxnesi þegar hann samdi sína fyrstu útgefnu skáldsögu. Rimbaud var undrabarn í ljóðlist, skrifaði ótrúlega merkileg og langlíf verk kornungur, en hætti að yrkja tuttuguog eins árs gamall og sneri sér að heims-hornaflakki og kaupmennsku. Halldór fór með sínum hætti öfuga leið, þótt báðir hafi skrifað einsog andsetningar allt frá unga aldri, og hann væri varla nema neðanmálgrein í íslenskri bókmenntasögu hefði hann hætt að skrifa á sama aldri og Rimbaud. Bernskuverk hans voru einmitt það, verk barns. En hann ætlaði sér að vera rithöfundur, ekki barn, og þóttist því vera fullorðinn. Meira að segja undirtitillinn á *Barni náttúrunnar*, ást-arsaga, er uppgerð: „Það verður með aungu móti ráðið af bókinni að höfundurinn hafi verið kynþroska þegar hann samdi hana“, sagði Halldór síðar. En hann sviðsetti sig sem höfund frá unga aldri. Um það leyti sem *Barn náttúrunnar* kom út var Halldór kominn til Kaupmannahafnar og gekk fyrir ritstjóra helsta dagblaðsins sautján ára stráklingur, dulbúinn sem höfundur, með hatt og prik og gleraugu, í frakka og sjakkett með hálstau og silkikraga, og seldi blaðinu smásögu; sem hann kallaði reyndar líka *Barn náttúrunnar*, þegar hann þýddi hana sjálfur á íslensku. En Halldór var ekki náttúrubarn, hann var barn ritlistarinnar og draumsins um að verða skáld og yrkja fyrir heiminn, einsog Byron, sem hann teiknaði kornungur. Sá draumur rættist. „Dáið er allt án drauma og dapur heimurinn“ segir í *Barni náttúrunnar*.

HALLDÓR GUÐMUNDSSON

dimmur tónn, ferð hans er nefnilega ekki stefnulaus, henni er heitið að ánni sem hann ætlar að láta syngja yfir sér líksöng „og bera [sig] andvana fram á eyrar“ (s. 9). Þegar áfangastaðurinn liggur fyrir verða hvörf, í frumútgáfu bókarinnar er frásögnin rofin með greinaskilum og þremur löngum þankastrikum. Þegar þráðurinn er tekinn upp aftur hefur skipt um takt: „Hálfum mánuði síðar, á sólhlýjum vordegi, jarðsöngu þeir drenginn frá kotinu“ (s. 9).

Bóndasonurinn ungi er svo gott sem úr sögunni en forvitni lesenda er vakin. Hver er þessi Hulda og er hún jafn kaldlynd og af er látið? Eiga fleiri eftir að steypa sér í glötun af hennar völdum? Hefur dauði bóndasonarins unga einhver áhrif á Huldu og framvindu sögunnar? Upphafskafli bókarinnar vekur með öðrum orðum væntingar hjá lesendum og er gott dæmi um hugvitssamlega frásagnartækni höfundarins, Halldórs frá Laxnesi, sem var aðeins 17 ára gamall. Fyrir okkur, sem vitum hvað framtíðin bar í skauti sér fyrir þennan unga mann, er hætt við að lestur bókarinnar snúist upp í leit að vísbendingum um það sem koma skal. Beitir Halldór t.a.m. ekki áþekkri frásagnartækni í *Sjálfstæðu fólki* þegar hann magnar upp spennu og óhugnað í upphafskaflanum þar sem sögð er þjóðsaga af Gunnvöru sem í fyrndinni bjó á sögusviði bókarinnar og þyrsti mjög til mannablóðs? Í þeim hugleiðingum sem hér fylgja á eftir er ætlunin að skoða *Barn náttúrunnar* sem hluta af höfundarverki Halldórs en líka sem afurð og heimild um þann tíma sem gat hana af sér. Með hvaða hætti setur 20. öldin mark sitt á þetta æskuverk Halldórs Laxness?

Maður og stúlka

Eftir þetta dramatíska upphaf tekur við nokkuð hefðbundin ástarsaga. Inn á sögusviðið ríður hávaxið og dökkhætt glæsímenni, „ennið hátt, augun blá, nefið beint, munnurinn lítill, varirnar þunnar og hakan stór“ (s. 11). Hann heitir Randver og lætur sögumaðurinn þess getið að hann hafi „á sér töluvert útlendingssnið“ (s. 10). Það er ekki að undra því Randver hefur dvalið í Ameríku frá 13 ára aldri en er snúinn aftur, 28 ára gamall. Með honum í för er leiðsögumaðurinn Steingrímur sem er ekki aðeins „miðaldra ... sköllóttur, nefstór, útmynntur og kinnfiskasoginn“ heldur líka „lotinn og óásjálegur á velli“ (s. 11). Mennirnir mynda kómískt andstæðupar en sem þeir ríða eftir hlykkjóttum vegi blasir við þeim sýn, í djúpum hvammi situr stúlka og snýr í þá bakinu. Þegar hún verður þeirra vör horfir hún í áttina til þeirra og það er sem frásögnin standi í stað meðan brugðið er upp af henni mynd: „Og þarna stóð hún svo niðri í hvamminum [...] í bláa kjólnum, hálfhneptum, svo að sá í mjallhvít brjóstin, berfætt með bera arma“ (s. 12–13). Sögumaðurinn gefur sér góðan tíma til að lýsa Huldu; útlit hennar og sköpulag er útlistað á nánast heilli síðu. Er hún m.a. talin minna á „gríska mynd“ en hún er líka sögð falleg, ævintýraleg og fráleitt eldri en 17 ára.

Í huga Randvers er stúlkan yfirsilvitleg vera, annaðhvort „huldu-mær“ eða „gyðja frá guðaheimum“ (s. 14). Þessi fyrsti fundur vísar aftur til upphafs íslenskrar skáldsagnaritunar, nánar tiltekið til lýsinga Jóns Thoroddsens á fyrsta fundi Indriða og Sigríðar í skáldsögunni *Pilti og stúlku* frá árinu 1850. Í frásögn Jóns er það Sigríður sem sér Indriða í hvammi og telur hann vera álfabarn. Matthías Viðar Sæmundsson hefur

bent á að Indriði og Sigríður séu ósnortin og saklaus og að hreinleiki þeirra sé undirstrikaður með á sem skilji þau að.² Í sögu Halldórs er áin aftur á móti orðin að baðstað, sjónarhornið karllægt og lýsingin erótísk. Stúlkan er nýstigin upp úr ánni, hárið flaksast „laust og vott niður um bakið“, fötin hennar liggja skammt frá í hrúgu og hún er aðeins klædd þessum bláa kjól sem er svo þunnur að „[l]íkamsskapnaðurinn“ kemur „ljóst fram gegnum“ hann (s. 13).

Dvölin í Ameríku hefur gert Randver að bölsýnismanni og kvenhatara. Þessa þætti í fari sínu þarf hann að yfirstíga til að geta náð ástum Huldu en þegar þeim áfanga er náð takast með þeim góðar ástir. Sambandið er þó ekki reist á traustum grunni því Randver segir Huldu ekki allan sannleikann um sjálfan sig, bölsýni hans hefur vikið fyrir nýjum hugsjónum þar sem búskapur og iðjusemi eru æðst allra dyggða. Hulda vill aftur á móti komast burt og skoða heiminn og um tíma virðast sömu örlög bíða Randvers og bóndasonarins unga sem lesendur kynntust í upphafi sögunnar.

Framvindan leiðir hugann aftur að *Pilti og stúlku* því sögusviðið færist úr sveit í þéttbýli þar sem kvenpersónan eignast nýjan vonbiðil. Viðskilnaður elskendanna og sögusviðin tvö draga fram andstæður í hugmyndaheimi sagnanna þar sem sveitin er ígildi aldingarðsins Edens en kaupstaðurinn hefur svipmót Babýlons. Þær andstæður sem Matthías Viðar greinir í *Pilti og stúlku* má heimfæra upp á *Barn náttúrunnar*, en hann segir sveitina standa fyrir samhljóm manns og náttúru, heilindi, uppbyggilegt starf, ræktun og þjóðhollustu, en bæinn fyrir firringu frá náttúru, gervimennsku, siðspillingu, niðurrif og þjóðsvik.³ Hjá Randveri blasir tómið við: „Án Huldu – ekkert“ (s. 122). Veröldin fer úr skorðum og hann sjálfur ummyndast: „Stóra hakan, sem áður hafði verið í svo fallegu samræmi við aðra hluta andlitsins, sýndist nú vera alt of stór“



Foreldrar Halldórs, Sigríður Halldórsdóttir og Guðjón Helgi Helgason, kynntust í vinnu-mennsku á bænum Melkoti sem stóð þar sem nú er lóð Ráðherrabústaðarins við Tjarnar-götu. Halldór fæddist í Reykjavík árið 1902 en þremur árum síðar festu foreldrar hans kaup á jörðinni Laxnesi þar sem hann ólst upp til þrettán ára aldurs.



Fjölskyldan í Laxnesi

Guðjón, faðir Halldórs, lék bæði á fiðlu og orgel. Hann lagði sig fram um að æfa með tónelskandi mönnum sem unnu strembin störf frá morgni til kvölds. Barnið Hall-dór skreið undir stóla þeirra og hljómurinn átti eftir að fylgja honum ævilangt. Í stofunni voru haldnir tónleikar, á björtum hásumarnóttum sungu allir við opna glugga. Gjarnan voru sungin lög eftir útlensk tónskáld, marg-raddað við undirleik hljóðfæra. Stundum komu finar stúlkur frá Reykjavík til að iðka tónlist. Halldór læddist í herbergið þeirra til að skoða forlata gítar sem honum þótti fullkomnasta hljóðfæri í heimi. Sjálfur eignaðist hann litla barnafiðlu sem pabbi hans gaf honum. Guðjón kenndi syni sínum líka á orgel. Litlu systur hans lærðu líka á hljóðfæri og þegar Sigga var lítil var henni falið að leika í Mosfellskirkju fyrir danska kónginn sem gaf henni gullpening að launum. Helga fór síðar til Leipzig og lærði einleik á píanó en hún varð píanókennari. Og svo var það fræga móðuramman, Guðný Klængsdóttir, sem fór með fornar vísur sem voru óskiljanlegar en héngu saman á ryðmanum. Hvert orð gat léð vísu eins mikinn hljóm og fiðlan sínfóníu og drengurinn hafði alla tíð hlustað á tónlist sem færði honum tilfinningu fyrir hljómi og hrynjanda. Guðjón og Sigríður voru alþýðu-fólk með búskap og hann starfaði einnig við vegagerð. Að þau skuli hafa búið syni sínum þetta heimili, þrungið tónlist og skilningi á sérkennum drengsins, á þessum tíma og þessum stað, er lykillinn að því að hann gat orðið akkúrat sá sem hann varð. Og er út af fyrir sig ráðgáta, því það var svo langt í frá sjálfsagt. Hann var í einhverjum skilningi barn náttúrunnar því í þessu um-hverfi gat hann ræktað náttúruna í sjálfum sér.

AUÐUR JÓNSDÓTTIR

(s. 176). Í fjóra mánuði dvelur hann í þorpinu við slark og drykkjuskap. Í herbergi hans ægir öllu saman, þar er „biblían, og hjá henni tóm viskíflaska“ og skammt frá „öskubakki, á hliðinni“ og „askan og vindlastubbarnir úti um alt borð“ (s. 179). Áfram heldur lýsingin á óreiðu og niðurrifi uns sögumaður dregur eftirfarandi ályktun: „Í raun og veru var sál hans einna líkust herberginu, sem hann var í“ (s. 180). Þegar Randver fellur dýpst glutrar hann niður íslenskunni og heldur uppi samræðum á ensku dauðadrukkin.

Um tíma virðist hinn nýi vonbiðill, Ari, eiga hug Huldu allan. Saman hyggjast þau fara og skoða heiminn en á leiðinni burt verður á vegi þeirra óásjálegur drykkjurútur sem liggur fyrir dýra og manna fótum. Hulda þekkir hann ekki og það rennur fyrst upp fyrir henni eftir á að þetta var maðurinn sem hafði einu sinni verið „elskhuginn hennar, ástin hennar, lífið og vonin“ og það sem meira er, „göfugur eins og Guð, saklaus eins og engill, og góður eins og Kristur“ (s. 205). Hún ákveður að reisa manninn við og laumast um nóttina út um glugga. Hún finnur Randver þar sem hann liggur og getur enga björg sér veitt. Hulda hefur áttað sig á að hún elskar Randver og gefur drauma sína um að sjá heiminn upp á bátinn og gengst við hugsjón hans: „Nú veit eg, að þú hefur haft á réttu að standa: Gleðina er þar að finna, sem daglega brauðið er unnið“ (s. 218). Undir lokin hafa Randver og Hulda hafið búskap og lofa Guð og göfgandi áhrif vinnunnar. Hinsta kveðja þeirra til lesenda er sótt í faðirvorið. Randver segir: „Gef oss í dag vort daglegt brauð!“ Hulda lítur til himins og svarar að bragði: „Og fyrirgef oss vorar skuldir!“ (s. 228) Um niðurstöðu bókarrinnar segir Helga Kress að Randveri takist „að temja“ Huldu og geri hans að bóndakonu á íslenskum bóndabæ.⁴

Átök verksins og niðurstöðu má tengja við hugmyndafræði íslenskra menntamanna sem varð útbreidd á Íslandi í upphafi síðustu aldar. Um

var að ræða kynslóð karlmannna sem hafði menntast í Evrópu og lokið þar doktorsprófi. Sumir fulltrúar þessarar kynslóðar, eins og Ágúst H. Bjarnason prófessor í heimspeki og Guðmundur Hannesson prófessor í líffærafræði og heilbrigðisfræði, gegndu stöðum við Háskóla Íslands allt frá stofnun hans árið 1911. Aðrir bættust við litlu síðar, t.d. Guðmundur Finnbogason prófessor í hagnýtri sálarfræði sem hóf störf árið 1917 og Sigurður Nordal prófessor í íslenskri málfræði og menningarsögu árið 1919. Skrif þessara manna eru víðfeðm en þegar kemur að menningar-
arpólitík má greina rauðan þráð því með nokkurri einföldun má segja að þeir hafi aðhyllst þjóðernisstefnu sem var innblásin var af þjóðveldisöldinni eins og hún birtist í íslenskum miðaldaritum og rómantískri endurritun 19. aldar.⁵ Í skrifum sínum og störfum sýndu þeir skýran vilja til að stýra áhrifum nútímavæðingar á íslenskt samfélag sem skyldi byggjast á siðum og gildum bændasamfélagsins.⁶ Í hópi þessara manna má líka greina djúpa virðingu fyrir norska skáldinu Knut Hamsun, bæði sem skáldsagnahöfund og samfélagshugsuði. Í einni þekktustu skáldsögu sinni, *Gróðri jarðar*, gerði hann harða atlögu að bæjarlífi og boðaði þess í stað að menn ræktuðu jörðina í sveita síns andlits.⁷ Eins og frægt er átti Halldór Laxness síðar eftir að snúast öndverður gegn hugsjóninni um starfsama bóndann sem ræktar upp eyðijörð uppi á heiði í skáldsögunni *Sjálfstæðu fólki*.⁸ Sú bók hefur gjarna verið lesin sem andsvar við *Gróðri jarðar* en kannski var Halldór öðrum þræði að gera upp við hugsjónir sem hann hafði aðhyllt sjálfur, eins og sjá má á *Barni náttúrunnar*.

En Halldór lifði ekki alltaf – og kannski sjaldnast – eftir niðurstöðum eigin skáldverka. Áður en *Barn náttúrunnar* var komið úr prentun var hann stiginn á skipsfjöl á leið til Danmerkur þar sem hann virðist hafa ætlað að hasla sér völl sem rithöfundur á dönsku. Faðir hans hafði dáið skömmu áður og eftir sat móðir hans og þurfti að kosta stórfé til



Fyrstu skip Eimskipafélagsins, Gullfoss og Goðafoss, voru smíðuð í Kaupmannahöfn og hleypt af stokkunum árið 1915. Þau voru nefnd óskasynir Íslendinga og mæð í ræðum og riti.

útgáfu bókarinnar.⁹ Í endurminningabókinni *Grikklandsárinu* segir Halldór frá því að hann hafi verið svo „óþjóðlegur“ að fara utan með Íslandinu, sem var skip í eigu Sameinaða danska skipafélagsins.¹⁰ Hinn „þjóðlegi“ kostur hefði verið að fara með Eimskipafélaginu en Halldór hafði verið hluthafi í því síðan hann var 12 ára gamall. Eins og vikið er að í *Barni náttúrunnar* voru samgöngur afar erfiðar á meðan fyrri heimsstyrjöldin geisaði. Þetta er merkilegt tímabil í veraldarsögunni en líka í sögu Íslands því meðan á styrjöldinni stóð voru samskipti við Danmörku takmörkunum háð og í staðinn þurftu Íslendingar að reiða sig á samskipti og viðskipti við Breta og Bandaríkjamenn í auknum mæli. Skip Eimskipafélagsins, Gullfoss og Goðafoss, voru boðberar nýrra tíma og í styrjöldinni bægðu þau frá áhyggjum um að landið myndi einangrast með öllu. Vestur-Íslendingar lögðu til drjúgan skerf af hlutafé hins nýstofnaða félags og fyrsta ferð Gullfoss til útlanda var farin til Bandaríkjanna, nánar tiltekið New York.¹¹ Þetta er vert að hafa í huga þegar horft er á Randver, aðkomumanninn í verkinu.



Draumar um betra líf í öðrum löndum koma víða fyrir í verkum Halldórs og tengjast þá gjarna Vesturheimi. Fáa dreymir um að komast burt af meiri innlifun en Nonna litla í *Sjálfstæðu fólki* sem óskar þess að komast til landa með skógi: „Til að mynda einsog landið þar sem Mississippifljótið brunar fram í kvæðinu. Þar sem hjörturinn og þanþerdýrið eiga heima ... Mig lángrar í soleiðis land.“ Ósk Nonna rætist en Gvendur bróðir hans missir af sínu skipi og situr eftir á Íslandi.

Yankee-gljáin

Í grein um Nýja heiminn og vesturfaraminnið í verkum Halldórs Laxness hefur Helga Kress bent á að vesturferðirnar hafi verið honum hugleiknar allt frá barnsaldri. Hún segir að hjá Halldóri tengist þær „tungumálinu, skáldum og skáldskap, og einnig sárum aðskilnaði eða harmleik“.¹² Í *Barni náttúrunnar* kemur fram að faðir Randvers hafi undirbúið ferðalagið til Vesturheims í þrjátíu ár. Hann hafi safnað peningum fyrir farinu og lært ensku af sjálfsdáðum. Á tímum vesturferðanna tengdist Ameríka draumum um betra líf á framandi slóðum og íslenskt alþýðufólk freistaði gæfunnar vestra á seinni hluta 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. rétt eins og íbúar annarra Evrópuþjóða. Helga Skúla Kjartanssýni sagnfræðingi telst til að á tímabilinu 1871 til 1914 hafi 16.408 Íslendingar leitað nýrra tækifæra í Bandaríkjunum og Kanada. Randver virðist líta á einbeittan vilja föður síns til að flytja til Vesturheims sem hálfgerða þráhyggju og segir föðurinn hafa verið „einkennilega hugsandi“ karl sem hann hafi aldrei lagt „neitt ástríki á“ (s. 27). Öðru máli gegnir um móðurina sem innrætti Randveri barnatrú og minnti hann fram á síðasta dag á að lifa kristilegu líferni. Minningar

um móðurina eru harmþrungnar og hann virðist taka nærri sér að hún liggi „grafin í amerískri mold“ (s. 28).

Randver kemur upphaflega til Íslands sem ferðamaður og ætlar aðeins að staldra við „tvo björtustu og hlýjustu mánuði ársins, júlí og ágúst“ (s. 16). Hann fær að dvelja í Hólum hjá Stefáni, föður Huldu. Fiskisaga af ríkum aðkomumanni er fljót að spyrjast út og sögusagnir um að hann viti „vart aura sinna tal“ og sé „kominn til landsins til að eyða tíma og peningum“ (s. 16) hafa þegar borist um sveitina áður en hann mætir á svæðið. Ferðalag Randvers er ekki aðeins í rúmi heldur er líka um að ræða andlegt ferðalag. Hann vill snúa baki við „Helvíti gróðrafýsnarinnar“ og í staðinn leitar hann að „Himnaríki handa sál“ sinni (s. 24). Hina miklu áherslu sem lögð er á efnislegt ríkidæmi fasteignasalans Randvers en andlega fátækt má tengja rótgrónum fordómum Evrópubúa í garð Bandaríkjamanna, menningar þeirra og samfélags. Ýmsar Evrópuþjóðir fundu t.a.m. hjá sér þörf fyrir sérstök orð og orðasambönd til að gera grein fyrir áhrifum bandarískrar menningar heima fyrir. Lífseigast er hugtakið „americanisation“ sem rakið er til fyrstu heimssýninganna í London árið 1851 og París árið 1855.¹³ Íslendingar eiga líka sitt sérstaka orð, vesturheimsku, sem hefur verið notað til að lýsa ensku málfari Vestur-Íslendinga en líka norðuramerísku hátterni og viðhorfum. Orðið vesturheimska virðist notað á Íslandi í svipuðu samhengi og aðrar þjóðir nota orðið ameríkanisering og önnur skyld orð. Hugtakið er notað til að lýsa ógn við evrópska hámenningu og vísar til hins iðnvædda aldarháttar þar sem fjöldaframleiðsla fyrir almenning ræður í ríkjum. Í byrjun aldarinnar virðist Ameríka líka hafa verið sérstaklega tengd viðskiptum og finna má dæmi þess að talað sé um vesturheimska „smartness“ og vesturheimska gróðrabrallssýki sem gagnsýrt hafi heiminn.¹⁴ Þegar Randver kemur til Íslands hefur hann komist að

þeirri niðurstöðu að kaupskapur sé glæpur, samvíska hans hefur sagt honum að hann sé alltaf að „féfletta menn“ sem að lokum hafi leitt til þess að hann varð „manndrápari“, því hann hafði gert mann að „öreiga, og hann fyrirfór sér“. Randver er því að eigin sögn: „glæpamaður í skjóli laganna, og að því leyti óheiðarlegri en aðrir glæpamenn“ (s. 23). Hinu bandaríska yfirbragði fylgir þó einhvers konar ljómi, Randver ber með sér „Yankee-gljána“, eins og hann kemst að orði á einum stað (s. 129).

Randver er þó annað og meira en glansandi yfirborð. Hann er þrátt fyrir allt fagaður heimsmaður sem fer í fjallgöngur til að njóta útsýnis og þá blasir náttúran við honum „eins og fagurt málverk“ (s. 87). Hann les líka bækur, t.a.m. *Jerúsalem* eftir sænsku skáldkonuna Selmu Lagerlöf en hún hlaut Nóbelsverðlaunin í bókmenntum fyrst kvenna árið 1909. Bókin kom út í íslenskri þýðingu Bjargar Þ. Blöndal árið 1915. Árið sem *Barn náttúrunnar* kom út voru prentaðar 109 bækur á Íslandi, þar af voru þýdd skáldrit 13 talsins en frumsamin 9. Meðal þýddra bóka sem komu út þetta ár voru t.d. *Ljóðfórnir* indverska Nóbelskáldsins Rabindranaths Tagores í þýðingu Magnúsar Á. Árnasonar og tvær bækur bandaríska rithöfundarins Jacks Londons, *Hetjan í Klondike* og *Síðasta ráðið: sögur*. Þetta sama ár komu líka út þrjár bækur sem gjarna eru taldar til lykilverka í íslenskri bókmenntasögu, annars vegar *Ljóðabækurnar Söngvar förumannsins* eftir Stefán frá Hvítadal og *Svartar fjaðrir* eftir Davíð Stefánsson, hins vegar *Fornar ástir* eftir Sigurð Nordal en það verk brýst um milli bókmenntaforma eins og lesa má um í eftirmála höfundarins.¹⁵ Rétt eins og í *Barni náttúrunnar* má hjá persónum Nordals greina togstreitu milli þess gamla og hins nýja, milli þess að vera kyrr og fara burt. Þessar andstæður greinir Árni Sigurjónsson í Íslenskri bókmenntasögu að nokkru leyti með hugtökunum einlyndi og marglyndi sem Sigurður lagði til grundvallar í fyrirlestrum

Vísir greinir frá því 1. september 1919 að „fyrsta almenna íslenska listasýningin“ hafi verið opnuð í Barnaskólanum. Verði þessa minnst sem merkisdags í sögu íslenskrar listar. Höfundur greinarinnar vekur athygli á því að mörg málverkin séu til sölu: „og fá menn því um leið gott tækifæri til að prýða híbýli sín“.



Myndlist á Íslandi 1919

Árið 1919 var haldin yfirlitssýning í Reykjavík á verkum 15 myndlistarmanna og segir það margt um gróskuna í myndlistinni á fyrsta og öðrum áratug síðustu aldar. Verkin sem voru 90 talsins, teikningar, málverk og höggmyndir, voru sýnd í Barnaskóla Reykjavíkur en það var Listvinafélag Íslands, stofnað 1916, sem átti heiðurinn að því merka framtaki sem sýningin var.

Aldamótaárið 1900 var hið eiginlega fæðingarár íslenskrar myndlistar en þá var fyrsta opinbera myndlistarsýningin á landinu sett upp. Þórarinn B. Þorláksson sneri heim eftir listnám í Kaupmannahöfn og sýndi verk sín í Glasgowhúsinu sem þá stóð við Vesturgötu 5a. Þetta voru síðrómantísk landslagsverk undir áhrifum frá íslensku ljóðskáldunum, en almenningur vænti þess að myndir væru ljóðrænar og sýndu hina blíðu náttúru rómantísku skáldanna. Á sýningunni var eitt þekktasta verk Þórarins, „Þingvellir“ frá árinu 1900.

Einar Jónsson myndhöggvari sýndi höggmyndina „Útlagann“ á Vorsýningunni í Kaupmannahöfn árið 1901 og litlu síðar áttu nokkrar höggmyndir hans eftir að prýða íslenska höfuðstaðinn. Bæði hann og Ásgrímur Jónsson, sem hélt sína fyrstu einkasýningu í Reykjavík 1903, námu list sína við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn.

Ásgrímur hafði að auki dvalist í Þýskalandi og Róm og var undir áhrifum frönsku impressjónistanna sem hann kynntist í söfnum á ferðum sínum. Hann sýndi fegurð íslenskrar náttúru í landslagsmyndum sínum, en heimsmaðurinn var einnig brautryðjandi í myndskreytingum íslenskra þjóðsagna og ævintýra sem birtust í námsbókum 1907 og 1909. Myndir hans úr lesbókunum voru því vel kunnar íslenskum ungmennum og hafa án efa haft áhrif á hugmyndaflug listrænna lesenda.

Þessir brautryðjendur íslenskrar myndlistar opnuðu augu Íslendinga fyrir fegurð landsins og náttúran í allri sinni dýrð varð ímynd þjóðarinnar þegar hún barðist fyrir sjálfstæði sínu.

Þórarinn, Einar og Ásgrímur áttu allir verk á yfirlitssýningunni 1919, en auk þeirra sýndu listamenn sem komu fram á öðrum áratugnum eins og Jóhannes Kjarval, Guðmundur Thorsteinsson, Jón Þorleifsson, Ólafur Túbals og síðast en ekki síst fyrstu íslensku konurnar sem gerðu myndlist að ævistarfi sínu, þær Kristín Jónsdóttir, Júlíana Sveinsdóttir og Nína Sæmundsson.

Jón Stefánsson, sem einnig telst til frumherja í íslenskri myndlist, bjó þá og starfaði í Danmörku. Hann hafði þó oft málað á Íslandi og verk hans voru löndum hans kunn.

Sýning Listvinafélagsins var fjölsótt, myndir seldust og sagt er að menn hafi komið í hópum. Samfélagið hafði á þessum tíma ekki einungis lært að njóta myndlistarinnar heldur einnig áttað sig á mikilvægi hennar fyrir orðstír þjóðarinnar.

KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR



sem hann hélt í Reykjavík árin 1918–1919. Um þetta segir Árni: „Að sumu leyti virðir söguhöfundur reynslu hinna gömlu, ævistarf einlyndrar þrautseigju og trúnað og fórnir íslenskra bænda. En að öðru leyti knýja hamsleysið, fjölbreytnin og nútíminn dyra.“¹⁶

Þegar rennt er yfir skrár Landsbókasafns yfir þær bækur sem gefnar voru út á íslensku á fyrstu áratugum síðustu aldar kemst maður að raun um hvað Íslendingar í Vesturheimi voru öflugir í bókaútgáfu. Í grein Helgu Kress um vesturfaraminnið í verkum Halldórs Laxness kemur fram að hann las bókmenntir íslenskra útflytjenda af áfergju. Meðal þeirra sem Helga nefnir eru Einar Kvaran (1859–1938) og Torfhildur Hólm (1845–1918). Einar og Torfhildur eiga það sameiginlegt að hafa flust vestur en snúið aftur heim til Íslands. Þessir gagnvegir milli Ameríku og Íslands höfðu margháttuð áhrif hér á landi og þess má m.a. sjá stað í umræðu um kvenréttindi, jafnaðarmennsku og bindindismenningu svo eitthvað sé nefnt. Persóna Randvers í *Barni náttúrunnar* rúmar margar af þeim þversögnum sem tengdust Ameríku í hugum Evrópubúa á 20. öld. Randver ber með sér framandi og heimsborgaralegan andblæ en Vestur-Íslendingar hafa gegnt því hlutverki í íslenskum bókmenntum að gera persónusafnið fjölbreyttara. Í því sambandi má t.d. benda á að fyrstu íslensku einkaspæjararnir voru Vestur-Íslendingar og stigu fram á sjónarsviðið í smásögunni „Íslenzkur Sherlock Holmes“ eftir Jóhann Magnús Bjarnason frá árinu 1910 og skáldsögunni *Húsinu við Norðurá* eftir Einar Skálaglamm frá árinu 1926.¹⁷ Eitt af persónueinkennum Randvers kemur sögumanninum framandlega fyrir sjónir en það er svipurinn, sem er „dálítið einkennilegur, það var eitthvað þar, sem altaf var að rannsaka og rannsaka“ (s. 11). Randver er ekki einkaspæjari eða rannsóknarlögreglumaður en hann stendur engu að síður frammi fyrir ráðgátu sem hann þráir að leysa.



Íðnbyltingin gjörbreytti íslensku atvinnulífi og samfélagi. Fólk flutti úr sveitum í ört vaxandi bæi og nýjar stéttir komu til sögunnar. Fyrsta íslenska stéttarfélagið var Prentarafélagið, stofnað 1887, en það reyndist ekki langlíft. Hinu íslenska prentarafélagi var komið á fót 1897 og reyndist farsæla og átti það hlutdeild í stofnun Alþýðusambands Íslands árið 1916.



Á kostnað höfundarins: Forlög í aldarbyrjun

Á fyrstu áratugum 20. aldar voru útgefendur í Reykjavík sárafaír og með lítið svigrúm til að kosta skáldverk höfundar. Því er lítið um skáldsögur meðal útfinna verka þessa tíma, en helst má þar finna trúarrit, fornsögur, ljóðmæli, þýðingar og rit tengd uppfræðslu og kennslu. Útgefendur á þessum árum voru að stærstum hluta lærðir prentarar og bókbindarar og þeir þekktustu voru Sigfús Eymundsson (1837–1911), Kristján Ó. Þorgríms-son (1857–1915) og Sigurður Kristjánsson (1854–1952) sem allir ráku þekktar bóka- og ritfangaverslanir.

Þannig var staðan árið 1919 þegar ungur óþekktur höfundur sem kallaði sig Halldór frá Laxnesi gekk milli útgefenda með bókina, Barn náttúrunnar – ástarsaga. Á þessum tíma rak Ársæll Árnason (1886–1961) bóka- og pappírsverslun sína að Laugarvegi 4 en Ársæll naut virðingar sem listfengur bókbindari og boðberi nýrra tíma í frágangi á bókum hér á landi. Hann hafði frá árinu 1915 rekið ört vaxandi forlag með vönduðum ritverkum samhliða verslunarrekstrinum. Fyrir ungan höfund sem vildi koma fyrsta verki sínu á prent var Ársæll án efa eftirsóknarverðasti kosturinn. Í bréfi til móður sinnar í maí 1919 segi Halldór: „Bókin mín er nú hjá Ársæli Árnasyni til yfirlestrar. Flestir forleggjarar eru búnir að fylla forlög sín þetta ár, Ársæll reynir hvað hann getur ef honum fellur bókin í geð. Ef hann getur ekki tekið hana er sjálfsagt að ég gefi hana út sjálfur.“

AF ókunnum sökum kom bókin ekki út hjá forlagi Ársæls heldur var hún, líkt og svo margar fyrstu bækur höfundar, prentuð í Félagsprentsmiðjunni á kostnað höfundarins sjálfs, með fjárhagslegri aðstoð frá fjölskyldu hans. Arinbjörn Sveinbjarnarson (1866–1932) bókbindari dreifði bókinni undir nafni bókaverslunar sinnar í Reykjavík. Árið 1924 kemur næsta skáldsaga Halldórs út á prenti og kallast Undir Helgahnúk. Sú bók var gefin út af forlagi Ársæls Árnasonar, með óvenjulegri kápu-mynd eftir Björn Björnsson (1886–1939), gullsmið og teiknikennara.

UNNAR ÖRN



Ráðgátan

Einn helsti spennuvaldurinn í *Barni náttúrunnar* er biðin eftir því að kynnast Huldu. Við heyrum fyrstu lýsingarnar á henni í einræðum bóndasonarins í upphafi, síðan blasir hún við Randveri eins og vera af öðrum heimi. Fundum þeirra ber næst saman að nóttu til þegar hann gengur út vegna þess að hann getur ekki sofð. Hann er staddur í hvammi þegar lítil hvít hönd er lögð á öxl hans. „Hver ert þú?“ spyr hann en hún spyr á móti „Má eg setjast á knéð á þér? – Jörðin er svo vot“ (s. 33). Framhlepni stúlkunnar kemur flatt upp á kvenhatarann, honum

Á árunum eftir fyrra stríð breiddist ákveðin kvenímynd út um Evrópu sem kölluð hefur verið „nýja konan“. Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur segir þessa ímynd hafa verið tvíþætta; annars vegar hafi verið nútímaleg tískukona „sem klippti hár sitt, gekk í stuttum pílsum og síðbuxum“, hins vegar var kvenréttindakonan sem barðist fyrir opinberum völdum í þjóðfélaginu. Stundum runnu þessar ímyndir saman í eitt.

verður „um og ó“. Hann leyfir henni að setjast hjá sér vegna þess að hún er barn en samskipti þeirra eru hlaðin kynferðislegri spennu: „Ekkert barn hafði svona mikil brjóst“ (s. 34). Hulda fer um hann höndum og þau ræða saman en skyndilega stendur hún upp og hverfur á brott. Randver situr eftir „hálfsturlaður“, hann sér eftir að hafa ekki fengið frá henni skýrari svör um það hver hún sé, hann veit aðeins að hún heitir Hulda og telur sig vera barn náttúrunnar: „Hann hefði ekki verið betri eftir, þótt hún hefði sagst heita ráðgáta“ (s. 36).

Brátt kemst Randver að því að Hulda er dóttir Stefáns bónda í Hólum. Samtal við föðurinn leiðir í ljós að hann telur stúlkuna „einkennilegasta barn á öllu Íslandi“ (s. 39). Skýringarnar á því telur hann liggja í uppeldinu en eftir að móðir Huldu dó þurfti stúlkan ekki að lúta boðum eða bönnum. Stefán hefur veitt henni allt sem hún hefur beðið um en ekki hirt um að láta skíra hana eða ferma, hann hefur ekki heldur skipt sér af því þótt hún hafi fælt frá sér kennara sem hann hefur ráðið til starfa eða látið bækur sem hann hefur keypt handa henni ólesnar. Afstaða hans til stúlkunnar er þessi: „Náttúran ein hefur alið hana upp“ (s. 40). Uppeldi Huldu kemur fyrir sjónir sem öfgafullt kennslubókar-dæmi um hvað gerist þegar manneskja mótast af eðlisfari eingöngu en fær litla félagsmótun. Mikil vakning var í uppeldismálum á Íslandi í byrjun aldarinnar en frumkvöðull á því sviði var Guðmundur Finnbogason sem skrifaði bókina *Lýðmentun* árið 1903. Þar segir á einum stað: „Frá vöggunni til grafar er maðurinn undirorpinn sífelldum áhrifum frá umheimi, er hvetja og knýja til margvíslegra athafna, andlegra og líkamlegra, og hvað úr mannum verður er komið undir því hvaða gáfum hann upphaflega er gæddur frá náttúrunnar hendi, og fyrir hvaða áhrifum hann verður utan að. Í samvinnu þessara tveggja aðila er alt uppeldi fólgið.“¹⁸



Í *Morgunblaðinu* 11. desember 1919 eru sagðar fréttir af góðu gengi tónlistarmannsins Oskars Johansens í New York en hann þekki „flestir hljómelskandi menn í þessum bæ“ eftir hljómleikahald hans í höfuðstaðnum. Eftir fjölsóttu tónleika Oskars í Carnegie Hall þar sem hann flutti m.a. Sólskríkjuna eftir Jón Laxdal „kom formaður grammafönfirmana Columbia og bað hann að spila Sólskríkjuna handa þeim. Þessa grammofónplötu fékk sá, sem þetta skrifar með Lagarfossi ...“



Tónlist á Íslandi 1919

Tónlistarlíf höfuðstaðarins var ólíkt fábrottnara fyrir 100 árum en það er í dag. Kraftarnir voru fáir og tónleikahald stopult, nema helst á betri kaffihúsum bæjarins sem stáðuðu af lífandi tónlist hvern dag. Café Fjallkonan, Laugavegi 20b, bauð til dæmis upp á fjögurra manna „orkester“ sem spilaði reglulega, og þar mátti líka heyra „hið heimsfræga Estey sjálfspilandi píanó“, eins og sagði í auglýsingu.

Tónelskir bæjarbúar gátu svalað þorstanum með því að spila sjálfir á heimilum sínum. Í Hljóðfærahúsi Reykjavíkur í Aðalstræti og Nótnaverslun Theodórs Árnasonar í Austurstræti mátti kaupa nótur að helstu verkum meistaranna; þar fengust til dæmis Beethoven, Mozart og Chopin, en líka heilar óperur fyrir þá sem vildu spreyta sig á slíku. Kórar héldu tónleika annað veifið, til dæmis Karlakór K.F.U.M. sem söng nokkrum sinnum fyrir fullu húsi í janúar, en einnig Söngfélagið Erlur (sem var kvennakór) í mars.

Tónleikar fóru flestir fram í Bárunni, samkomuhúsi við Vonarstræti þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur nú. Sumarið 1919 ríkti þar gósentíð um nokkurra vikna skeið þegar íslenskir tónlistarmenn sem störfuðu erlendis sneru aftur heim til tónleikahalds. Hetjutenórinn Pétur Jónsson, sem var fastráðinn við óperuhús í Þýskalandi, efndi til tónleika í Bárubúð „og hefir aldrei þekkt hér annað eins kapp í mönnum eftir aðgöngumiðum á nokkra skemtun“, sagði í einu bæjarblaðanna. Haraldur Sigurðsson píanóleikari, sem hafði starfað í Þýskalandi en var nýráðinn kennari við Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn, hélt tónleika ásamt Dóru konu sinni, og Sveinbjörn Sveinbjörnsson, höfundur Þjóðsöngsins, kom til Íslands í fyrsta sinn síðan 1907 og hélt tónleika með eigin verkum við góðar undirtektir.

Þessir þrír tónlistarmenn áttu alla starfsævi sína erlendis enda hafði Ísland ekkert að bjóða þeim. Slík tækifæri biðu nýrrar kynslóðar. Árið 1919 var Páll Ísólffson enn við orgelnám í Leipzig; hann fluttist heim til Íslands tveimur árum síðar og var sá maður sem öðrum fremur lagði sinn skerf til uppbyggingar tónlistarlífs á Íslandi árin og áratugin á eftir.

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

Lýsingar Stefáns á uppeldi Huldu koma flatt upp á Randver sem hváir: „En sál hennar –?“ Stefán svarar á þann veg að það sé „ógurlega mikið af þessu viltu í sál hennar, þessu villidýrseðli, sem helst lýsir sér í skorti á samúð, og af því leiðir, að hún yfirstígur og einskisvirðir tilfinningar annara ...“ (s. 41). Orð Stefáns leiða hugann aftur að Guðmundi Finnbogasyni en í október 1910 flutti hann fyrsta fyrirlesturinn af 20 um sálarlíf manna. Fyrirlestrarnir voru liður í undirbúningi hans fyrir doktorsritgerð í sálfræði en hana varði hann við Kaupmannahafnarháskóla árið 1911. Er hún fyrsta doktorsritgerð Íslendinga á því fræðasviði en aðgengileg útgáfa hennar, byggð á fyrirlestrunum, kom út á íslensku sama ár undir heitinu *Hugur og heimur*. Umfjöllunarefni Guðmundar í ritgerðinni var samúðarskilningur en í honum felst að „við skiljum sálarástand annarra að því marki sem við líkjum eftir þeim ósjálfrátt eða sjálfrátt“.¹⁹ Hér skal ekki fullyrt að Halldór sé undir áhrifum frá kenningum Guðmundar en hins vegar er greinilegt að þessi tiltölulega unga fræðigrein setur mark sitt á *Barn náttúrunnar* og höfundurinn hefur vakandi áhuga á hæfileikum manneskjunnar til að skynja og skilja umhverfi sitt og aðra. Þegar Randver hlýðir á Huldu leika á hljóðfæri er t.a.m. „eins og rafmagnsstraumur“ fari í gegnum hann (s. 90), stuttu síðar koma orð „ósjálfrátt fram á varir hans“ (s. 92). Hulda býr aftur á móti yfir fágætum hæfileikum því hún „þekkir hugsanalíf blóma og sálarlíf fjólunnar“ (94). Síðar í sögunni, þegar Randver tilkynnir Stefáni að hann hafi trúlofast dóttur hans, spyr sá síðarnefndi: „Hefurðu skygnt inn í sálarlíf hennar?“ (s. 105) Áhugi almennings á sálrænum efnum virðist hafa verið allnokkur á þessum tíma en fyrirlestrar Guðmundar Finnbogasonar fóru fram fyrir fullu húsi í Bárubúð, vinsælu samkomuhúsi Sjómannafélagsins Bárunnar, sem reist var við Vonarstræti árið 1904.²⁰ Opinber vettvangur var að skapast á Íslandi á fyrstu áratugum



Óbarn ónáttúrunnar: Hugleiðing um Halldór frá Laxnesi og kvikmynda- spursmálið

Ef maður byrjar á því að ímynda sér að 7. október 1919 sé útgáfudagur Barns náttúrunnar – einfaldlega af því að þann dag birtist nafn bókarinnar fyrst á prenti í lítilli auglýsingu frá Bókaverzlun Arinbjarnar Sveinbjarnarsonar á blaðsíðu átta í Morgunblaðinu – þá gæti verið gaman í framhaldinu að reyna að sjá fyrir sér hvernig við ef sautján ára skáld, Halldór frá Laxnesi, hefði brugðist við ef kaffhúsagestur á næsta borði á Fjallkonunni hefði spurt af dálítilli óþolinmæði (vegna þess að skáldið væri búið að lesa blaðsíðu átta áttatíu sinnum):

– Dóri, hvað er í bíó?

Og nú erum við stödd þar sem ungskáldið með lonniétturnar og ljósu lokkana horfir í áttugasta- og fyrsta sinn á nafn sitt í blaðinu, mitt á milli Huldu og Sigurðar Heiðdals, áður en það lokar því og gáir á forsiðuna. Þar birta kvikmyndahúsin dagskrá sína. Í GAMLA BÍÓ eru tveir bandarískir gamanleikir, Tvær

náttuglur og Búðarstúlkan og blaðamaðurinn. Í NÝJA BÍÓ er Ástarveðmál, danskur sjónleikur í þremur þáttum frá Nordisk Film.

Í þeirri fyrstöldu leikur Ben Turpin sem er allra trúða flinkastur í að gera sig rangeygan en í þeirri dönsku má sjá Gunnar Sommerfeldt, leikara við Konunglega leikhúsið í Kaupmannahöfn. En það sem flækir málin – ef maður hafði kannski hugsað sér að fara í bíó til þess að halda upp á að bókin manns er auglýst í Morgunblaðinu – er það að Sommerfeldt er ekki bara staddur á Íslandi í svart/hvítu formi sínu á sýningar-tjaldi kvikmyndahússins. Stór auglýsing á forsiðunni miðri tilkynnir að hinn konunglegi leikari verði heill og sjálfur á sviðinu í lðnó í kvöld að lesa upp úr verkum stórskálda Norðurlanda.

Það er ljóst að í samkomuhúsinu verður rjóminn af menningarpostulum Reykjavíkur og fari maður þangað gefst jafnvel möguleiki á að hitta stjórnuna, kynna sig og gefa henni áritað eintak af Barni náttúrunnar. Fari maður hins vegar í bíó með jafnöldrunum lætur maður undan náttúru barnsins.

Halldór frá Laxnesi brýtur saman blaðið og and-varpar:

– Það vildi ég að ég væri óbarn ónáttúrunnar.

Þá fær hann hugmynd. Hann getur sleppt seinni myndinni í Gamla bíói og mætt eftir hlé í lðnó. Þannig nær hann þeim báðum, hinum háborgaralega Sommerfeldt í ljósrauðu holdinu og hinum skjálga Turpin á sannleikstjaldi blekkinganna.

SJÓN



Borgarstjórn Reykjavíkur synjaði öðrum en Gamla bíói og Nýja bíói um leyfi til kvikmyndansýninga og einokuðu þau kvikmynda-markaðinn í borginni frá ársbyrjun 1914 til 1942 þegar Tjarnarbíó tók til starfa. Tilgangurinn með þessari neyslustýringu var að stemma stigu við siðspillandi áhrifum kvikmynda en líka að hvetja borgarana til sparnaðar og nægjusemi.

aldarinnar með samkomustöðum á borð við Bárubúð, þar sem haldnir voru tónleikar, fyrirlestrar og upplestrar. Þar las Halldór Laxness t.d. upp úr óprentaðri skáldsögu sinni 9. maí 1919 en sú bók kom aldrei út.

Eins og raunin er með Randver gegnir listin mikilvægu hlutverki í persónulýsingu Huldu en ólíkt honum, sem er fyrst og fremst listnjótandi, þá skapar hún sjálf. Þannig segir að ímyndunarafl hennar sé ótæmandi og hún spinni stöðugt sögur (s. 97). Hún leikur líka á gítar og syngur frumsamið álfakvæði með línunum sem Randver telur geyma alla hennar „lífsskoðun og lífsspeki“: „Dáið er alt án drauma, / og dapur heimurinn“ (s. 100). Síðar í sögunni, þegar Hulda heimsækir Randver til þorpsins þar sem hann hefur tekið herbergi á leigu, kemur í ljós að hún kann einnig að leika á píanó og spilar m.a. smálagið „Home, sweet, home“ eftir enska tónskáldið Sir Henry Bishop (1786–1855) og „Traümerei“ eftir þýska tónskáldið Robert Schumann (1810–1856). Helga Kress hefur gert rækilega grein fyrir því hvað tónlist einkennir mörg verka Halldórs. Hún segir tónlistina oft vera andhverfu tungumálsins eða hina hliðina á því, tónlistin sé „birtingarform náttúrunnar andstætt samfélaginu, tengist upprunum, bernskunni, landinu – og konunni“.²¹ Þrettán ára gamall hafði Halldór sjálfur yfirgefið heimili foreldra sinna í Mosfellssveit og haldið til Reykjavíkur. Þar lærði hann teikningu í Iðnskólanum og sótti tíma í orgel- og píanóleik. Þetta var það formlega listnám sem ungu fólki stóð til boða á þessum árum og það segir sína sögu að kennarar hans voru frumkvöðlar sinna listgreina hvor á sínu sviði; teikningu kenndi Þórarinn B. Þorláksson en tónlistarnámið annaðist Eggert Gilfer, einn af fyrstu atvinnutónlistarmönnum Íslendinga.²²

Hinn sírannsakandi Randver uppgötvar viðkvæmari hliðar Huldu dag einn þegar hann er á gangi langt frá Hólum. Hann heyrir grát og gengur á hljóðið. Á steini situr Hulda og grætur. Það kemur í ljós að



„Grímuballs-búningur óskast keyptur eða lánaður,“ stendur skrifað í smáauglýsingu í *Morgunblaðinu* 2. janúar 1914. Sama dag er „ágætt Clariennett“ auglýst til sölu og sömuleiðis kjölföt, salon-ríffill og dúkkuhús. Og bíðið nú hæg: „Í Þingholtsstræti 7 er til sölu grímuballs-búningur þýskur, mjög fallegur. Sömuleiðis alls konar fatnaður nýr og brúkaður.“ Vonandi hafa kaupandi og seljandi grímubúninganna náð saman!

Þegar allt kemur til alls tregar hún bóndasoninn sem lesendur kynntust í upphafi sögunnar. Við komumst að því að drengurinn hét Einar og Hulda álitur sig vera morðingja vegna þess að hann svipti sig lífi vegna hennar. Þegar Randver hefur hlýtt á hennar dýpstu leyndarmál gefur hann sig fram en hún hleypur frá honum og upp í hamar fyrir ofan. Í kjölfarið fylgir einn æsilegasti kafli bókarinnar en Baldur Hafstað hefur sýnt fram á að þar vinni Halldór með skapandi hætti úr áhrifum frá smásögunni „Valshreiðrinu“ eftir Einar Benediktsson.²³ Meðan Hulda klífur hamarinn kemur í ljós að Randver er lofthræddur og kann ekki að klifra. Hann stendur á jörðu niðri „dauðhræddur“ meðan hún hefur sig léttilega upp uns hún staðnæmist skyndilega. Í örvæntingu sinni hrópar Randver „hvert örvita-ástarorðið á fætur öðru“ (s. 59) og að lokum hótar hann því að reka „hárbeittan, silfurbúinn kníf“ (s. 61) beint í hjartað á sér ef hún komi sér ekki í öruggt skjól uppi á klettasnös. Yfirdrifnar lýsingar á geðshræringu Randvers minna á látbragð leikara þöglu myndanna eins og Rudolphs Valentino (1895–1926) eða Victors Sjöströms



Á heimastjórnartímanum var landbúnaður enn langfjölmennsti atvinnuvegur Íslendinga. Helga Skúla Kjartanssyni sagnfræðingi reiknast svo til að 60% af vinnuaflinu hafi unnið við landbúnað árið 1904 en 40% árið 1918. Nokkuð var um útflutning landbúnaðarafurða, einkum til Englands og Danmerkur, en hann kallaði á staðlaða framleiðsluhætti. Til að mæta þeim kröfum voru reist sláturhús, þau fyrstu voru á vegum Sláturfélags Suðurlands í Reykjavík og KEA á Akureyri.

(1879–1960). Hulda lætur segjast og Randver umbreytist: „Ástin mín! Lífið mitt. Þú, sem hefur gert kvenhatarann í mér að heitasta elskhuga!“ (s. 86).

Randver stjórnar gerðum Huldu með því að hóta því að vinna sér skaða. Þar má jafnvel velta fyrir sér hvort hann færi sér í nyt sektarkennd hennar yfir örlögum Einars. Síðar í sögunni, þegar Randver er lagstur í drykkjuskap í þorpinu, minnir Stefán faðir Huldu hana aftur á Einar og spyr í kjölfarið: „Og hvað hefurðu gert af Randveri?“ (s. 165). Eins og sjá má kúga karlmennirnir í sögunni Huldu tilfinningalega og reyna þannig að ná valdi yfir henni. Lýsingar þeirra á rándýrseðli Huldu, drambsemi og skorti á samúð eru ef til vill önnur orð yfir sjálfstæði hennar, styrk og löngun til að fara eigin leiðir. Hulda kemur manni

sterk fyrir sjónir meðan karlmennirnir eru veikir. Fyrstu tveir áratugir 20. aldarinnar eru mjög mikilvægir í sögu réttindabaráttu íslenskra kvenna en á þeim tíma öðlast þær full borgaraleg réttindi. Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur segir heimildir benda til þess að hugmyndir um kyngervi

og hlutverk kvenna hafi verið í nokkru uppnámi um þær mundir og að þjóðfélagið hafi verið tiltölulega opið fyrir nýjum tulkunum á því: „Það er eins og allbreiður hópur þjóðarinnar hafi gert ráð fyrir að konur væru á leið út í opinbert líf og mundu hafa víðtæk áhrif á hið nýja þjóðfélagskerfi.“²⁴ Þann 19. júní 1915 fengu íslenskar konur kosningarétt og kjörgengi en árið 1919 var þessara tímamóta minnst í fyrsta sinn á sérstökum kvenréttindadegi. Það var Bríet Bjarnhéðinsdóttir ritstjóri og baráttukona sem átti hugmyndina en hún gerir m.a. grein fyrir henni á síðum *Kvennablaðsins* 31. mars 1919. Þar segir hún að mörgum hafi þótt dagsetningin óheppileg þar sem hún stæði svo nærri 17. júní en sjálf gefur hún lítið fyrir þetta: „Enda er það auðséð, að ómögulegt er að slá tveimur gagnólíkum minningardögum saman; það væri eins og ef slá skyldi saman jóladeginum og páskadeginum. Hvor af þeim hefir sína sérstöku þýðingu, svo þeir verða ekki sameinaðir.“²⁵ 19. júní 1919 hafði líka sérstaka merkingu í huga Halldórs Laxness en það var dánardagur föður hans. Sögupersónan Hulda er jafnaldri Halldórs þegar *Barn náttúrunnar* kemur út og kannski er meira af honum sjálfum í henni en öðrum persónum verksins. Eitt lífvænlegasta aflið í skáldverkum Halldórs eru kvenpersónur hans; Salka Valka, Snæfríður Íslandssól, Ásta Sóllilja, Úa, Uglu og þannig mætti áfram telja.





Árið 1910 bjuggu um 52% íslensku þjóðarinnar í torfbæjum, um 44% í timburhúsum og 4% í steinhúsum. Gunnar Karlsson sagnfræðingur segir að á næstu árum hafi þetta breyst ört en árið 1920 var hlutfall torfbæja komið niður 45% og árið 1930 var það orðið 27%.

Sögu svið

Enda þótt *Barn náttúrunnar* gerist öll hér á landi er samband Íslands við umheiminn eitt helsta umfjöllunarefni sögunnar. Spenna verksins er fólgin í útþrá Huldu og löngun aðkomumannsins Randvers til að setjast hér að. Það má líka finna vísanir til samtímaviðburða, eins og þegar fundum Randvers og Stefáns bónda ber fyrst saman. Þá er sagt frá því að margt hafi borið á góma en „mest rætt um stríðið“ (s. 17). Það kemur í ljós að Steingrím leiðsögumann Randvers og Stefán bónda greinir á um málstað ófriðaraðilanna. Steingrímur heldur með Bandaríkjamönnum en bölvur Þjóðverjum meðan Stefán bóndi er eindreginn stuðningsmaður Þjóðverja. Ljóst er að Íslendingar höfðu vakandi auga með framgangi mála í fyrri heimsstyrjöldinni en sagnfræðingurinn Gunnar Þór Bjarnason hefur t.a.m. bent á að upplag *Morgunblaðsins* hafi stækk-

að um helming á haustmánuðum 1914 þegar ófriðurinn var að brjótast út. Heimsstyrjöldin hafi þannig átt sinn þátt í að leggja grunninn að stórveldisstöðu blaðsins á íslenskum blaðamarkaði.²⁶ Ekki er óalgengt að fréttum af styrjöldinni sé slegið upp með fyrirsögnum á borð við „SÍMSKEYTI“ eða „SÍMFRETT“ en það gefur til kynna að fréttin sé ný og hafi borist milliliðalaust utan úr heimi. Sæsímastrengur var lagður til Íslands árið 1906 og gaf hann Ísendingum færi á að skiptast á skeytum við umheiminn. Loftskreyttöðin á Melunum tók ekki til starfa fyrr en 17. júní 1918 og þar með var þráðlausu sambandi komið á.²⁷ Flest íslensk blöð fengu fréttir frá enskum fréttaveitum eða jafnvel beint frá utanríkisráðuneytinu breska en þetta þýddi að umfjöllun um stríðið var mjög vilhóll Bretum og bandamönnum þeirra. Gunnar Þór segir frá því í bók sinni um heimsstyrjöldina fyrri að margir menntamenn sem dáðust að þýskri menningu hafi stutt Þjóðverja í stríðinu og það sama hafi átt við um eldheita þjóðernissinna og róttæka sjálfstæðissinna.²⁸ Þegar Stefán bóndi gerir grein fyrir afstöðu sinni til hinna stríðandi fylkinga kemur einmitt fram að Þjóðverjar séu „allra þjóða duglegastir, bæði á andlega og veraldlega sviðinu“ (s. 17–18). Ósigur þeirra eða kúgun jafnist á við að leggja dróma á „heimsmenninguna“ og að „mannsandanum“ yrði hrundið „aftur á bak um mörg þrep“ (s. 18). Lýsing Stefáns á jákvæðum eiginleikum Þjóðverja er stöðluð, jafnvel klisjukennd, en um leið varpar hún ljósi á hann sjálfan og þá manngildishugsjón sem hann heldur í heiðri.

Sögumaður *Barns náttúrunnar* álítur Stefán sjálfan vera staðlaða manngerð. Hann er „þessi alkunni bændafrömuður og þingmaður“ (s. 16) og í augum sveitunga sinna „hrokafullur stirðbusi“ (s. 17). Við Randver er Stefán aftur á móti léttur í tali og skemmtilegur. Hann sýnir sem sé á sér aðra hlið við þá sem hann telur sér samboðna og þá kemur í ljós að hann er „víða heima, enda sigldur og þaullésinn“ (s. 17). Hólar eru

fyrirmyndarbylí og þegar Randver kemur þangað fyrst lætur hann þessi orð falla: „Tuttugasta öldin hefir þó náð að setja mark sitt á þennan íslenska sveitabæ“ (s. 15). Á bænum er alls staðar rafmagn en farið var að nota svokallaðar heimarafstöðvar í sveitum landsins upp úr 1910. Í Hólum eru heima- og gripahús úr steinsteypu og í öll húsin er lögð vatnsleiðsla. Þjóðfélagsstöðu sína hefur Stefán þegið í arf því faðir hans var sýslumaður en að eigin sögn hefur hann líka brotist áfram, honum hefur græðst fé „með réttu og röngu“ og hann hvorki gefið „ekkjunni né auðmanninum“ grið (s. 18). Þessi athugasemd fær Randver til að hugleiða sitt eigið gróðabrask og allt í einu sér hann hið blómlega bú öðrum augum, hann virðir fyrir sér „öfluga múrveggina“ og veltir fyrir sér hvort steypan sé „blandin blóði og tárur“ (s. 19).

Andstæða Hóla birtist Randveri uppi á heiðum, í bænum Lambhúskoti sem hann rambar á þegar hann villist í þoku. Eftir að hafa þegið þar næturgistingu hittir hann fyrir gamlan mann sem hefur umbreytt stórgrýttum jarðvegi og hörðum grasbölum í grösug tún. Og þar sem áður hafði staðið lambhús var nú laglegt býli. Það kemur í ljós að gamli maðurinn hafði alist upp á hreppnum, síðan verið matvinnungur hjá bónda sem reyndist honum vel. Þar kynntist hann konunni sinni þegar hún réð sig sem vinnukonu á sama bæ. Bóndinn lét þau hafa lambhúsið til að búa í, tíu ær, hest og kvígu og nokkra „allra-óhjákvæmilegustu búsmuni“ (s. 71). Gamli maðurinn útlistar uppbyggingu býlisins í löngu máli; á fimmta búskaparári hafi hann verið orðinn fær um að borga af jörðinni og á því sjötta hafi hann byggt torfbæ þar sem hann, kona hans og börnin þeirra 12 hafi búið. Og nú séu liðin 40 ár. Í huga Randvers fær maðurinn á sig helgan blæ, honum finnst hann sjálfur lítill í samanburði, og loks stamar hann: „Eg hefi aldrei hitt fyrir meiri mann en þig“ (s. 75). Randveri finnst að gamli maðurinn ætti að fá „hæstu verðlaun,



sem nokkrum manni hafi verið gefin“ en því er sá gamli ósammála, hann lítur á hækjurnar sem hann gengur við sem laun erfiðis síns því þær sýni að hér sé „maður, sem ekki hefur lifað eingöngu til þess, að hvíla sig og flatmaga“. Hann vonar að fyrir hinum efsta dómi verði tekið tillit til þess að hann hafi verið „sá þjónn, sem ávaxtaði sitt pund, og var trúr yfir litlu“. Að endingu spyr Randver hvort gamli maðurinn hafi fundið lífsgleðina og hann svarar: „Eg held, að eg þekki ekkert annað en lífsgleðina“ (s. 76).

Hólar og Lambhúskot í *Barni náttúrunnar* eru áþekkt andstæðupar og Útirauðsmýri og Sumarhús í *Sjálfstæðu fólki*. Á fyrrnefnda býlinu býr rótgróin valdaætt niðri á láglandi á jörð sem er tilvalin til ræktunar, á hinu býr vinnumaður sem hefur þurft að brjóta undir sig hrjóstrugan afrétt í sveita síns andlits. Þegar Halldór skrifar *Barn náttúrunnar* 17 ára gamall lituðust viðhorf hans til bænda vitanlega ekki af tækni- og

Árið 1904 bjuggu 25,8% Íslendinga eða 20.729 í byggðarkjörnum með 200 íbúa eða fleiri. Árið 1919 var þetta hlutfall komið í 42,2% eða 38.807 manns. Á þessu tímabili fjölgaði íbúum Seyðisfjarðar t.a.m. úr 654 í 885 en Reykvíkingum fjölgaði úr 8.304 í 15.328.

vísindahyggju sósíalísmans sem hann tók að aðhyllast undir lok þriðja áratugarins. Heiðarbóndinn sem lýst er í *Barni náttúrunnar* verður fyrirmynd Randvers og kristilegur meinlætaliðnaður hans að háleitu markmiði. Það örlar sem sé hvergi á því viðhorfi að heiðarbóndinn hafði sáð „í akur óvinnar síns allt sitt líf, dag og nótt“ líkt og sagt er um Bjart í Sumarhúsum í *Sjálfstæðu fólki*.²⁹ Í *Barni náttúrunnar* má engu að síður greina megna andúð á þeim sem græða peninga á viðskiptum, eins og þegar hefur verið fjallað um í tengslum við Randver og Stefán. Ari, vonbiðill Huldu, er líka þessu sama marki brenndur.

Ósigur peninganna

Ari er fiskkaupmaður og útgerðarmaður. Hann er sagður „vellríkur“ og hann flíkar auðæfum sínum, er „sundurgerðarmaður mikill í klæðaburði“ og „berst mikið á“ (s. 127). Óhóf einkennir fleiri drætti í persónu hans því hann er líka „kvenhollur“ (s. 28) og svo „vínhneigður“ (s. 127) að hann bæði smyglar áfengi og er í slagtogi með öðrum mönnum af sama sauðahúsi. Ara og Randveri er vel til vinnu fyrst í stað en þegar Randver og Hulda slíta trúlofun sinni er það Ari sem heldur vinni að Randveri. Ara finnst hann hafa unnið mikinn sigur þegar honum tekst með miklum eftirgangsmunum að fá Randver með sér á fylleri. Þar með hefst drykkjuskapur Randvers.

Þegar Ari fer á fjörurnar við Huldu veit hann ekki að hún er stúlkan sem Randver tregar. Stefán býður Ara að Hólum en þeir hafa átt í við-

skiptum og Stefán langar að kynnað honum nánar. Það er í Hólum sem Ari hittir Huldu fyrir og áður en langt um líður fella þau hugi saman og renna sér „á skíðum um sömu slóðir, sem þau Randver höfðu leiðst um, á hásumartíðinni fyrir svo skömmu, meðan hlíðin var í sumarskaumi sínu, og grundin í blómskrúði“ (s. 144). Hulda tjáir Ara samt að hún geti ekki „elskað af öllu [s]ínu hjarta og allri sálu [s]inni“ (s.145). Það tekur Ara sárt að heyra þetta en engu að síður vill hann að þau trúlofst. Þegar Hulda hefur fullvissað sig um að Ari vilji fara með henni til útlanda öðru hverju til að sýna henni listasöfn og fegurstu staði jarðarinnar er hún reiðubúin að jástast honum. Ari tjáir henni að styrjöldin sé á enda og því fari samgöngur að verða greiðari. Þegar Ari segir Stefáni frá trúlofuninni bregst hann við með svipuðum hætti og þegar Randver flutti honum sömu fréttir fyrr í sögunni og gefur Ara þessi heilræði: „Gættu þín á náttúrunni, því þótt hún sé fögur, þá er hún ekki miskunnsöm, – og svo er með börn náttúrunnar“ (s. 156).

Daginn sem Hulda og Ari eiga að leggja af stað út í heim vaknar hann glaður í bragði. Hann verður hins vegar þrumu lostinn þegar hann uppgötvar að unnusta hans hefur yfirgefið hann. Hann heitir hverjum þeim sem getur fundið hana áður en skipið leggur úr höfn tvö þúsund krónum. Að lokum er honum vísað til herbergis Randvers þar sem tekið hefur verið til og allt þvegið og skúrað: „Randver svaf þar vært í rúmi sínu hreinn og greiddur, og bros lék um varir hans í svefninum“ (s. 222). Eftir að Ari hefur uppfengt Huldu skækju rekur hún hann á dyr með skörung á lofti. Ekkert sést til Ara í nokkra daga eða þar til hann finnst í herbergi sínu í þorpinu: „Ari sat þar í stóli, dauður, með kníf í hjarta, annað augað stungið út á kinn, hitt sært [...] Hann hafði murkað úr sér lífið“ (s. 224). Þessi ömurlegu endalok sýna engu að síður fram á að Ari var þrátt fyrir allt maður orða sinna því að skilnaði hafði hann kvatt



Samkvæmt Hagskýrslum um utanríkisverslun voru 62 reiðhjól flutt til Íslands árið 1916, 51 frá Danmörku en 11 frá Bandaríkjunum. Þetta sama ár voru fluttar inn 15 bifreiðar, 3 frá Bretlandi en 12 frá Bandaríkjunum. Alls komu 145 barnavagnar til landsins, allir frá Danmörku.

Stefán föður Huldu með þessum orðum: „Ef ég tapa henni, eða bregst trausti þínu, þá strengi ég þess heit, að eg skal stinga úr mér augun, – því að eg er allur orðinn að ást til hennar“ (194–195).

Ástarsagan í *Barni náttúrunnar* er römmuð inn af sjálfsmorðum tveggja vonbiðla Huldu og þannig virðist þetta æskuverk Halldórs styðja við þá kenningu Halldórs Guðmundssonar að „ástin birtist í verkum hans oft einsog vitrun, í leiftri eitt andartak andspænis dauðanum“.³⁰ Í 1. útgáfu *Barns náttúrunnar* frá árinu 1919 heitir kaflinn um uppgjör Ara og Huldu „Ósigur þúsundanna“ en í 2. útgáfu frá 1964 hefur heitinu verið breytt í „Ósigur peninganna“. Ari gat sem sé ekki fengið Huldu þrátt fyrir ríkidæmi sitt. Hefði það þá ekki heldur gagnast bóndasyninum Einari ef faðir hans hefði verið „ríkur bóndi“ eins og hann óskaði sér í upphafi? Hefði sá kafli e.t.v. átt að heita „Ósigur fátæktarinnar“? Hvað er það sem Randver býður sem hina tvo skortir þegar allt kemur til alls? Er það hinn fullkomni ósigur hans og niðurlæging sem kallar á að Hulda reisi hann við, styðji hann á fætur? Er það þetta sem hún á við þegar hún segir í lokakafli bókarinnar: „Það er þér að þakka, að eg hef sigrað – sigrað sjálfa mig“? (s. 227)

Tilvísanir

- 1 Halldór Laxness: *Barn náttúrunnar*, Reykjavík: Á kostnað höfundar, 1919. Framvegis er vísað til bókarrinnar í meginmáli með blaðsíðutali innan sviga.
- 2 Matthías Viðar Sæmundsson: *Ást og útleð: Form og hugmyndafræði í íslenskri sagnagerð 1850–1920*, ritstjóri Sveinn Skorri Höskuldsson, 44. bindi, Studia Islandica, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1986, s. 51.
- 3 Sama heimild, s. 55–56.
- 4 Helga Kress: „Ilmanskógar betri landa: Um Halldór Laxness í Nýja heiminum og vesturfaraminnið í verkum hans“, *Óþarfar unnustur og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir*, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, s. 231.
- 5 Jón Yngvi Jóhannsson: „Realism and Revolt: Between the World Wars“, *A History of Icelandic Literature*, ritstjóri Daisy Neijmann, Histories of Scandinavian Literature, Lincoln and London: University of Nebraska Press, 2006, s. 365.
- 6 Ástráður Eysteinnsson: „Modernism at the Borders: Notes on Literary History, Translation and Modernism in Iceland“, *English and Nordic Modernisms*, ritstjóri Mats Jansson, Bjørn Tysdahl, Jakob Lothe, Steen Klitgård Povlsen, Norwich: Norvik Press, 2002, s. 107.
- 7 Sjá Halldór Guðmundsson: „Loksins, loksins“: *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*, Reykjavík: Mál og menning, 1987, s. 53–56.
- 8 Sjá Halldór Guðmundsson: „Glíman við Hamsun: Sjálfstætt fólk og Gróður jarðar“, *Tímarit Máls og menningar* 57: 3, 1996, s. 66–82.
- 9 Halldór Laxness: „„Formáli þessarar útgáfu““, *Barn náttúrunnar*, Reykjavík: Víkingsprent, 1964, s. 7–10.
- 10 Halldór Laxness: *Grikklandsárið*, Reykjavík: Helgafell, 1980, s. 12.
- 11 Gunnar Þór Bjarnason: *Þegar siðmenningin fór fjandans til: Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918*, Reykjavík: Mál og menning, 2015, s. 187–89.
- 12 Helga Kress: „Ilmanskógar betri landa: Um Halldór Laxness í Nýja heiminum og vesturfaraminnið í verkum hans“, s. 219.
- 13 Mel van Elteren: *Americanism and Americanization: a critical history of domestic and global influence*, Jefferson: McFarland & Company, Inc., Publishers, 2006, s. 15.
- 14 „Alberti-hneykslið“, *Reykjavík*, 27. október 1908.
- 15 Sjá Sigurður Nordal: „„Eftirmáli““, *Fornar ástir*, Reykjavík: Þór B. Þorláksson, 1919, s. 162.

16 Árni Sigurjónsson: „Sagnagerð á þriðja áratug aldarinnar“, *Íslensk bókmenntasaga IV*, ritstjóri Guðmundur Andri Thorsson, Reykjavík: Mál og menning, 2006, s. 75.

17 Sjá Katrín Jakobsdóttir: *Glæpurinn sem ekki fannst: Saga og þróun íslenskra glæpasagna*, ritstjóri Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Guðni Elísson, Ung fræði 4, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2001, s. 12–13 og 44–46.

18 Guðmundur Finnbogason: *Lýðmentun: Hugleiðingar og tillögur*, Akureyri: Kolbeinn Árnason og Ásgeir Pétursson, 1903, s. 42.

19 Jörgen L. Pind: *Frá sál til sálar: Ævi og verk Guðmundar Finnbogasonar sálfræðings*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2006, s. 293.

20 Jón Karl Helgason: „Burðarvirki íslenskrar nútímamenningar“, *Saga Íslands XI*, ritstjóri Pétur Hrafn Árnason og Sigurður Lindal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag: Sögufélag, 2016, s. 325.

21 Helga Kress: „Veröldin er söngur: hinn hreini tónn og kvenmynd eilífdarinnar í verkum Halldórs Laxness“, *Skírnir* 176: Vor, 2002, s. 47, um *Barn náttúrunnar* er fjallað á s. 58–59.

22 Halldór Guðmundsson: *Halldór Laxness: Ævisaga*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2004, s. 30.

23 Baldur Hafstað: „Uppgjör í hömrum: Lína dregin frá Einari Benediktssyni til Kambans og Laxness“, *Tímarit Máls og menningar* 61: 1, 2000, s. 71–80.

24 Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur: – Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, s. 194.

25 Bríet Bjarnhéðinsdóttir: „Samskot til Landsspítala-sjóðsins“, *Kvennablaðið*, 31. mars 1919.

26 Gunnar Þór Bjarnason: *Þegar siðmenningin fór fjandans til: Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918*, s. 141.

27 Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2003, s. 29–33.

28 Gunnar Þór Bjarnason, *Þegar siðmenningin fór fjandans til: Íslendingar og stríðið mikla 1914–1918*, s. 147.

29 Halldór Kiljan Laxness: *Sjálfstætt fólk: hetjusaga*, II. bindi, Reykjavík: E. P. Briem, 1935, s. 346.

30 Halldór Guðmundsson: „„Einsog þráin sem ég bar“ – um ástina í verkum Halldórs Laxness“, *Ekkert orð er skrípi ef það stendur á réttum stað: Um ævi og verk Halldórs Laxness*, ritstjóri Jón Ólafsson, Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, 2002, s. 47.

Myndaskrá

Bls. 4: Halldór Guðjónsson frá Laxnesi. Ljós. óþekktur.

Bls. 8: Halldór Laxness fjögurra ára með foreldrum sínum, Sigríði Halldórsdóttur og Guðjóni Helga Helgasyni vegaverkstjóra. Ljós. óþekktur.

Bls. 11: Gullfoss. Ljós. Sigfús Eymundsson. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 12: Vesturfarar. Ljós. Sigfús Eymundsson. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 15: Myndlistarsýning á vegum Listvinafélags Íslands. Ljós. Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Bls. 17: Stúlka vinnur við bókbandsvél í Félagsprentsmiðjunni í Ingólfsstræti. Ljós. Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Bls. 18: Fólk á skipsfjöli. Ljós. Magnús Ólafsson.

Bls. 20: Hljómveit Oscars Johansens í Bárunni, sennilega árið 1912. Ljós. Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Bls. 22: Gamla bíó. Ljós. óþekktur. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 24: Grímuball í Bárunni. Ljós. Pétur Brynjólfsson. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 25: Sveitabær. Ljós. Ólafur Oddsson. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 27: Kambshjálega í Hamarsfirði. Ljós. Magnús Ólafsson og Ólafur Magnússon. Þjóðminjasafn Íslands.

Bls. 30: Sauðfé rekið eftir Norðurgötu á Seyðisfirði. Ljós. Eyjólfur Jónsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Bls. 33: Við lðnó. Ljós. Magnús Ólafsson. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Bls. 35: Bréf Halldórs Laxness til móður sinnar frá 10. október 1919.

Kaupinhöfn.
Stórnkongensgade 96, 3.
10. október 1919.

Elleku mamma
min! Sæl og blessað!
Mí ætla er að skrifa
þér nokkrar línur,
þeir að mið en skipa-
göngumár aftur komn-
ar í góðu lagguðstafallit
heiti, og ég get sent bréf.
Ég ætla að láta þig
vita að mér lítur ljóm-
andi vel, er gaddfrísk-
ur og unni mér það allra
besta. - Mér verður oft
hugsat heim og ég
óska þú af öllu hjarta
að ykkur líti vel, og

at þið séið glöð og
heilbrigt.

'Ég er fjarska rólegur
við minn staf, eins
og þú veist þegar ég
er að skrifa. - Situstu
tvo dagana get ég varla
sagt að ég hafi kom-
ið út fyrir hússins
dyr, ég hefi alltaf ver-
ið að skrifa og lesa.

Fyrir en í dag, þá fár-
um við Scheurmann
hl. Þá keyrðum við
Scheurmann með
opnari gegnum
borgina og út á þar-
sem heiti Biske-
bjerg. Þar er líkbreidd
húsið, og skotnuðum

10. október 1919 skrifar Halldór Laxness
Sigríði móður sinni bréf frá Kaupmannahöfn,
í því segir m.a.: „Ég er fjarska rólegur við mín
störf, eins og þú veist þegar ég er að skrifa.
Síðustu tvo dagana get ég varla sagt að ég hafi
komið út fyrir hússins dyr, ég hefi alltaf verið
að skrifa og lesa.“



GLJÚFRASTEINN
Hús skáldsins



Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn



FORLAGIÐ
www.forlagid.is